

GJALDSKRÁ
um breytingu á gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands, nr. 81/2007.

1. gr.

VI. kafli gjaldskrárinnar orðast svo:

VI. KAFLI

Gjöld skv. 6. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 35/2010.

12. gr.

1.	Árlegt gjald fyrir hvern notanda sem fær aðgang að lögskráningarkerfi sjómanna til rafrænnar lögskráningar	kr. 3.000
2.	Gjald fyrir hverja lögskráningu sjómanns sem Siglingastofnun Íslands annast skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 35/2010	830
3.	Fyrir veittan frest til þess að gangast undir öryggisfræðslunámskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða öðrum viðurkenndum aðila skal greiða	2.300

2. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um lögskráningu sjómanna nr. 35/2010 og lögum um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 2010 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Ákvæði 1. tölul. 12. gr. um árlegt aðgangsgjald tekur þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 2011.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 28. október 2010.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.